



HVERSU GÓÐUR ER SKÓLINN OKKAR SJÁLFSMATSSKÝRSLA TRÖLLABORGAR

Veturinn 2017-2018



Anna Árnína Stefánsdóttir, Ásrún Leósdóttir,
Eyrún Berta Guðmundsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Leikskólinn Tröllaborg	4
1.1. Starfsmenn Tröllaborgar.....	4
2. Áherslupættir í starfi Tröllaborgar	5
3. Sjálfsmat	6
3.1. Sjálfsmatsteymi.....	7
4. Sjálfsmatsáætlun	8
4.1. Sjálfsmat og lykilpættir 2017-2018.....	9
5. Hversu góður er leikskólinn okkar.....	10
5.1. Lykilpáttur 2 - námsskilyrði.....	10
5.2. Lykilpáttur 1 – Forysta og stjórnun.....	16
5.3. Lykilpáttur 3 – Velgengni og árangur.....	16
6. Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð	18
7. Eftirfylgni	23
7.1. Mat á þróunaráætlun skólaárið 2016-2017	23
8. SMT - Set listinn.....	24
9. Niðurstöður úr starfsmannakönnun – skólapúsinn	29
9.1. Almenn um starfsfólk	29
9.2. Viðhorf til leikskólans.....	30
9.3. Uppeldi og menntun.....	31
9.4. Símenntun og undirbúningstími	33
9.5. Opnar spurningar.....	34
10. Mat á starfsáætlun 2017-2018.....	35



Inngangur

Samkvæmt *Lögum um leikskóla* nr. 90/2008 ber sérhverjum leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarf, stjórnunarhætti og samskipti innan leikskólans og utan. Mat á leikskólastarfi er skipt í innra mat og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum og foreldrum leikskólans en ytra mat af Sveitarfélaginu eða Menntamálaráðuneytinu.

Í leikskólanum Tröllaborg er lögð áhersla á að meta alla þætti skólastarfsins kerfisbundið. Matið er unnið skv. skoskri sjálfsmatsaðferð sem kallast *How good is our early learning and childcare?* og gefin var út í Skotlandi árið 2016. Starfsmenn Fræðsluþjónustu Skagafjarðar þýddu aðferðina yfir á íslensku og nefnist hún *Hversu góður er leikskólinn okkar?* Íslenska þýðingin var gefin út í september 2017. Innleiðing á aðferðinni hófst á haustþingi starfsmanna leikskólanna í Skagafirði í byrjun október sl. Um árabíl notaði skólinn matsaðferðina *Barnið í brennidepli* sem var forveri þessarar nýju útgáfu, en byggir á sömu hugmyndafræði. Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.



1. Leikskólinn Tröllaborg

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt og hlaut leikskólinn nafnið Tröllaborg. Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum þ.e. Hofsósi og Hólum.

Í vetur voru 26 nemendur í leikskólanum, 11 á Hofsósi og 15 á Hólum.

Nemendafjöldi eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2012	8
2013	3
2014	8
2015	3
2016	4
Samtals	26

1.1. Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Anna Árnína Stefánsdóttir sem er í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru tveir, einn á hvorri starfsstöð, Ásrún Leósdóttir í Barnaborg á Hofsósi og Christine Hellwig í Brúsabæ á Hólum.

Samtals eru 9 starfsmenn í Tröllaborg í 8,32 stöðugildum.

Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	1
Deildarstjóri/leikskólakennari	2	2
Leikskólakennari	1	1
Starfsmaður í leikskóla	2	1,78
Ræsting/afleysing/mötuneyti	1	1
Ræsting/afleysing	1	0,91
Matráður á Hofsósi	1	0,63
Samtals	9	8,32 stöðugildi



2. Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til við skipulagningu starfsins.

Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn *skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Aðalnámskrá leikskóla*. Aðaláhersla er lögð á leikinn, læsi, umhverfismennt, skapandi starf og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga Johns Dewey sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga Lev Vygotsky sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskapætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.



3. Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat og það er lykilatriði að allir starfsmenn leikskólans komi að sjálfsmatinu.

Eins og fram kemur í innganginum þá notar leikskólinn Tröllaborg sjálfsmatsaðferðina *Hversu góður er leikskólinn okkar* í sínu sjálfsmati. Skýr tengsl áhrifaríks sjálfsmats og umbóta mætti skilgreina sem svör leikskólans við eftirfarandi þremur spurningum, sem jafnframt eru kjarni sjálfsmatsins:

Hvernig stöndum við okkur?

Hvernig vitum við það?

Hvað gerum við næst?

Sjálfsmatinu er skipt niður á þrjá lykilþætti:

Forysta og stjórnun

Námsskilyrði

Velgengni og árangur

Lykilþættir skiptast svo niður á mismunandi marga gæðagreina. Sumir gæðagreinarnir kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Við notum einkunnaskala til að meta gæðagreinana frá 1 – 6.

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi og leiðandi á landsvísu
5	Mjög gott	Mjög góðir styrkleika einkenna tiltekið svið
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk þrátt fyrir að enn séu þættir sem þarfnist endurbóta
3	Fullnægjandi	Sterk atriði rétt ná að vega þyngra en veikleikar
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Mikilvæg atriði slök og þarfnast tafarlausra úrbóta



3.1. Sjálfsmatsteymi

Á hverju hausta kjósa starfsmenn sjálfsmatsteymi sem sér um skipulagningu á sjálfsmatinu. Sjálfsmatsteymið ákveður hvaða gæðaviðmið og gagnlegu spurningar eru valdar. Sjálfsmatsteymið sér einnig um skýrslugerð sem skilað er í september til fræðslustjóra og er hún þá einnig sett á heimasíðu leikskólans.

Þeir sem skipa sjálfsmatsteymi veturinn 2017-2018 eru:

Anna Árnína Stefánsdóttir

Ásrún Leósdóttir

Eyrún Berta Guðmundsdóttir



4. Sjálfsmatsáætlun

Áætlun um innra mat er sett fram til þriggja ára í senn. Matsaðferðin er bæði samstarfsmiðuð og umbótamiðuð. Gert er ráð fyrir þátttöku allra starfsmanna í matinu eftir því sem við á.

Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir matsþætti skv. sjálfsmatsaðferðinni *Hversu góður er leikskólinn okkar?*, sem ráðgert er að leggja fyrir til mats og umbóta á næstu þremur árum. Lykilþættirnir þrír úr efninu eru auðkenndir með fjólubláum, bláum og grænum lit. Jafnframt er hægt að sjá yfirlit yfir hvenær kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir svo og hvenær ráðgert er að skýrslur um skólastarf séu birtar.

Skólaár	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Haustönn			
	gg. 2.7 Samstarf	gg. 3.2 Þroski og framfarir leikskólabarna	gg. 3.3 Sköpun og leikni/færni
	gg. 2.1 Vernd barna	gg. 2.3 Nám, kennsla og mat	gg. 1.4 Forysta og starfsmannastjórnun
	gg. 2.4 Einstaklingsmiðun	gg. 2.5 Þátttaka fjölskyldna í leikskólastarfi	gg. 1.5 Verklag sem stuðlar að sanngirni
Nóvember	Starfsáætlun	Starfsáætlun	Starfsáætlun
Vorönn			
	gg. 1.3 Breytingastjórnun	gg. 1.2 Forysta í leikskólastarfi	gg. 2.2 Skólanámskrá
	gg. 3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	gg. 1.1 Umbótamiðað sjálfsmat	gg. 2.6 Samfella í skólastarfi
Febrúar	Starfsmannakönnun Skólapúlsins	Starfsmannakönnun Skólapúlsins	Starfsmannakönnun Skólapúlsins
Mars	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Foreldrakönnun Skólapúlsins	Foreldrakönnun Skólapúlsins
September	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla	Sjálfsmatsskýrsla



4.1. Sjálfsmat og lykilþættir 2017-2018

Samkvæmt matsáætluninni voru tekin fyrir þrjú gæðaviðmið úr lykilþætti

2. námskilyrði á haustönninni. Þau voru:

- 2.7 samstarf
- 2.1 vernd barna
- 2.4 einstaklingsmiðun.

Á vorönninni var tekið fyrir eitt gæðaviðmið úr lykilþætti 1. forysta og stjórnun og eitt gæðaviðmið úr lykilþætti 3. velgengni og árangur. Þau voru:

- 1.3 breytingastjórnun og
- 3.1 velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar

Á haustþingi í október unnu allir leikskólar í Skagafirði saman að lykilþættinum samstarf (2.7). Hinir lykilþættirnir voru teknir fyrir á starfsmannafundum.

Við bættum við sjálfsmatsáætlunina og mátum líka:

- lestrarstefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og
- SMT – set listi

Á vorönninni fór einnig fram starfsmannakönnun skólapúlsins.

Unnið var með lykilþættina á starfsmannafundum og tóku allir starfsmenn þátt. Þróunaráætlun er unnin með hverju gæðaviðmiði eftir því sem við á.

Í matsvinnunni er hverju gæðaviðmiði gefin einkunn á skalanum 1-6.

Þó að við séum á tveimur starfsstöðvum er stefna okkar að starfsemin sé sem líkust á hverri starfsstöð. Stundum er þó óhjákvæmilegt að matið skiptist niður á starfsstöðvar og er þá getið sérstaklega um það.



5. Hversu góður er leikskólinn okkar

Þar sem þetta er fyrst yfirferð á Hversu góður er leikskólinn okkar þá ákvað sjálfsmatsteymið að leggja fyrir allar spurningar og gæðaviðmið í hverjum þætti. Hér koma niðurstöður og þróunaráætlanir fyrir lykilþátt eftir því sem við á.

5.1. Lykilþáttur 2 - námsskilyrði

Gæðagreinir	Heildar-einkunn	Sterkir þættir	Það sem við þurfum að bæta	Athugasemdir
2.7 Samstarf	4.5	<p>Upplýsingagjöf til foreldra í gegnum fréttabréf, heimasíðu og facebook-síðu.</p> <p>Höfum starfsfólk með reynslu og þekkingu.</p> <p>Samstarf við stofnanir á svæðinu gott og auðvelt að fá upplýsingar og ráðgjöf.</p> <p>Gott aðgengi að fagaðilum.</p> <p>Minni vinnustaðir auðvelda utanumhald um samstarf.</p> <p>Gott samstarf á milli skólastiga.</p>	<p>Ferli fyrir greiningu barna tekur oft langan tíma og getur hamlað því að starfsmenn geti aðstoðað börnin sem skildi.</p> <p>Fjárveiting svo hægt sé að kynna nýju starfsfólki vinnuna betur t.d. til að kynna allar stefnur sem leikskólinn vinnur eftir.</p> <p>Lítið samstarf milli leikskóla í firðinum, Vinadagurinn fyrir skólahóp eini dagurinn</p>	<p>Unnið upp úr niðurstöðum frá haustþingi. Dregin út þau atriði sem eiga við okkar skóla</p>



		<p>Skólastjórnendur á leikskólastigi hittast reglulega og ræða saman. Við höfum tækifæri til að fara á námskeið og efla þekkingu okkar.</p>	<p>Þar sem allir leikskólar hittast.</p> <p>Meira samstarf milli leikskóla en bara á starfsdögum.</p> <p>Meira samstarf milli kennara þvert á vinnustaði.</p> <p>Fundargerðir leikskólastjóra sýnilegar.</p> <p>Fagfundir kennara til að auka hvernig við deilum þekkingu og færni.</p>	
--	--	---	---	--

**Þróunaráætlun:**

Markmið: <i>Auka öryggi nýrra starfsmann</i>		Hvernig vitum við að því er náð? <i>Starfsánægja nýrra starfsmanna</i>		Yfirumsjón <i>Leikskólastjóri</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Passa að nýir starfsmenn fái góða leiðsögn fyrstu dagana og lengri aðlögunartíma.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Stöðugt endurskoðað.	Tíma og peninga. Starsmannahandbók, skólanámskrá og annað efni sem nýtt er í leikskólanum	Rætt við nýja starfsmenn eftir nokkrar vikur í starfi og rætt hvernig fyrstu dagarnir voru.



Markmið:	Hvernig vitum við að því er náð?			Yfirumsjón
<i>Tækifæri til að deila þekkingu og efla faglegt starf þvert á vinnustaði</i>	<i>Samstarf milli stofnana orðin regla frekar en undantekning</i>			<i>Leikskólastjórar</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Aukinn tími til að miðla þekkingu. Tækifæri til að fara í skólaheimsóknir. Skipuleggja fleiri tækifæri til að deila reynslu og læra af öðrum.	Allir	Stöðugt endurskoðað	Tími til að ræða saman. Starfsdag. Meiri peninga	Starfsánægja og starfshæfni
Facebook-síða fyrir starfsfólk leikskóla í Skagafirði þar sem hægt er að miðla hugmyndum og deila verkefnum sem unnin eru á hverjum stað.	Skólastjórnendur	Sem fyrst	Leyfi starfsmanna og stjórnenda	Næsta sjálfsmat



<p><u>2.1 Vernd barna</u></p>	<p>5</p>	<p>Meðvitaðar um öryggi barna og tilkynnum leikskólastjóra ef ábótavant. SMT-teymi sem tekur á einstökum málum og einnig höfum við sterkt bakland þar sem teymi barna er til staðar. Getum fengið Selmu Barðdal til aðstoðar í einstökum málum.</p>	<p>Kynna okkur betur lög og reglugerðir</p>	
<p><u>2.4. Einstaklingsmiðun</u></p>	<p>5</p>			<p>Gæðaviðmið E: Ekki gerð skrifleg einstaklingsáætlun fyrir hvert barn og teljum við það ekki nauðsynlegt þar sem leikskólinn er lítill og við höfum góða yfirsýn yfir barnahópinn</p>



Þróunaráætlun

<p>Markmið:</p> <p><i>Að fylgja betur eftir einstaklingsáætlunum</i></p>	<p>Hvernig vitum við að því er náð?</p> <p><i>Þegar við getum gefið okkur allavega 5 í sjálfsmati</i></p>			<p>Yfirumsjón</p> <p><i>Deildarstjórar</i></p>
<p>Hvað þarf að gera?</p>	<p>Hver á að gera það?</p>	<p>Hvenær á því að vera lokið?</p>	<p>Hvað þarf til?</p>	<p>Hvernig á að meta árangurinn?</p>
<p>Á síðasta skólaári átti að búa til eyðublað þar sem merkt yrði inn á, í hvert skipti sem unnið er með barninu. Það fórst fyrir svo nú setjum við þetta aftur í þróunaráætlun.</p>	<p>Ásrún og Christine</p>	<p>Miðjan mars</p>	<p>Tíma í undirbúningi</p>	<p>Eyðublað komið í notkun og orðin fastur liður í starfseminni</p>



5.2. Lykilpáttur 1 – Forysta og stjórnun

<i>Gæðagreinir</i>	<i>Heildar-einkunn</i>	<i>Sterkir þættir</i>	<i>Það sem við þurfum að bæta</i>	<i>Athugasemdir</i>
<u>1.3 Breytingastjórnun</u>	5			

5.3. Lykilpáttur 3 – Velgengni og árangur

<i>Gæðagreinir</i>	<i>Heildar-einkunn</i>	<i>Sterkir þættir</i>	<i>Það sem við þurfum að bæta</i>	<i>Athugasemdir</i>
3.1 Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar	5		Erum ekki nógu vel að okkur í Barnasáttmálanum og ætlum að bæta okkur þar	

**Þróunaráætlun:**

Markmið: <i>Kynna barnasáttmála S.Þ. fyrir starfsfólki</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Þegar við getum gefið okkur 5 fyrir þennan þátt í sjálfsmati</i>			Yfirumsjón <i>Leikskólastjóri</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Prenta út plagöt og annað efni úr Barnasáttmálanum og hafa sýnilegt fyrir börn, foreldra og starfsfólk.	Leikskólastjóri	Fyrir skólabyrjun haust 2018		Næsta sjálfsmati
Athuga með að fá bæklinga til að senda heim til foreldra	Leikskólastjóri	Fyrir skólabyrjun haust 2018		Næsta sjálfsmati



6. Gæðagreinir um Lestrarstefnu fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð

Starfsfólki var skipt upp í hópa sem hver tók tvo gæðagreina fyrir í matsvinnuna. Hér koma niðurstöður og þróunaráætlun fyrir Lestrarstefnuna.

Gagnlegar spurningar	Heildar-einkunn	Sterkir þættir	Það sem við þurfum að bæta	Athugasemdir
Tvítýngi og fjöltyngi	4			A: Okkur finnst mikilvægt að kenna börnum góða íslensku og efla orðaforða á íslensku. F og G: Við teljum þetta ekki hlutverk leikskólans
Samstarf við heimilin	6			D: mættum vera duglegri að upplýsa foreldra um hvað þau geta gert til að örva málþroska barna sinna

**Þróunaráætlun:**

Markmið: <i>Upplýsa foreldra um hvað þau geta gert til að örva málþroska barna</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Þegar við miðlum markvisst upplýsingum til foreldra</i>			Yfirumsjón <i>Deildarstjórar</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Setja upplýsingar í fréttabréf, á heimasíðu eða facebook-síðu um leiðir til að örva málþroska barna	Ásrún og Christine	Á haustönn 2018	Tíma í undirbúningi	Áætlun um miðlun upplýsinga tilbúin og miðlun komin af stað

Gagnlegar spurningar	Heildar-einkunn	Sterkir þættir	Það sem við þurfum að bæta	Athugasemdir
Samfella á milli skólastiga	5		D: Skimunar niðurstöður hafa ekki borist til leikskólans E: Vörður á leið til læsis hefur ekki verið tekið í notkun en það stendur til	



Þróunaráætlun

Markmið: <i>Fá niðurstöður skimunarprófsins „Leið til læsis“ frá Grunnskólanum</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Niðurstöður skimunarprófsins berast til leikskólans</i>			Yfirumsjón <i>Leikskólastjóri</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Hafa samband við Grunnskólann og athuga hvort þeir nota skimunarprófið	Leikskólastjóri	Haustönn 2018	Tíma	Skimunarniðurstöður berast frá Grunnskólanum

Gagnlegar spurningar	Heildar-einkunn	Sterkir þættir	Það sem við þurfum að bæta	Athugasemdir
Læsi markmið og leiðir	5			

Lestrarhvetjandi umhverfi	5		Næði fyrir nemendur á Hólum til lesturs	
---------------------------	---	--	---	--



Þróunaráætlun:

Markmið: <i>Næði fyrir nemendur til að lesa á Hólum</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Aðstaða til næðislesturs til staðar</i>			Yfirumsjón <i>Deildarstjóri</i>
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
	Starfsfólk	Haustönn 2018	Tíma	

Gagnlegar spurningar	Heildar-einkunn	Sterkir þættir	Það sem við þurfum að bæta	Athugasemdir
Einstaklingsmiðun	5		E og F: bæta þarf eftirfylgni og mat á einstaklingsnámskra	

**Þróunaráætlun:**

Markmið: <i>Að fylgja eftir einstaklings-námskrá. Að leggja mat á einstaklings-námskrá.</i>	Hvernig vitum við að því er náð? <i>Eyðublað komið í notkun og mat á einstaklingsnámskrá orðið reglubundið.</i>		Yfirumsjón <i>Deildarstjórar</i>	
Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Útbúa eyðublað þar sem merkt er við hvert skipti sem unnið er eftir einstaklings-áætlun.	Ásrún og Christine	Í byrjun haustannar 2018	Tíma í undirbúningi	Eyðublað komið í notkun og orðin fastur liður í starfseminni



7. Eftirfylgni

Það hefur verið okkar vandamál í sjálfsmatinu að þó svo þróunaráætlun sé gerð að þá er henni ekki alltaf fylgt eftir. Við tókum þess vegna þá ákvörðun að bæta inn í sjálfsmatsskýrsluna eftirfylgni við hana.

Þróunaráætlunin er hluti af sjálfsmati leikskólans. Þróunaráætlun er metin einu sinni til tvisvar á ári eftir eðli og umfangi, á fyrsta starfsmannafundi á haustönn og á starfsmannafundi í apríl. Þá er skoðað hvað komist hafi í framkvæmd og hvað ekki og úrbætur gerðar. Niðurstöður sjálfsmats ásamt þróunaráætlun eiga alltaf að liggja frammi í undirbúningsherbergi. Allir starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um hana og ábyrgir fyrir að fylgja henni eftir.

7.1. Mat á þróunaráætlun skólaárið 2016-2017

Athuga skal að þetta er mat á þróunaráætlun úr lykilþáttum úr *Barnið í brennidepli*.

Lykilþáttur	Hvað þarf að gera	Áætlun	Lokið/Ólokið
4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir	Útbúa sérstakt eyðublað þar sem merkt er inn á í hvert skipti sem stuðningurinn fer fram og hvernig gekk	Deildarstjórar	Ólokið
Lykilþáttur	Hvað þarf að gera	Áætlun	Lokið/Ólokið
7.3 Áætlun til aukins árangurs	Prenta út þróunaráætlunina og setja í flettimöppu inn á deild	Deildarstjórar	Lokið



8. SMT - Set listinn

Niðurstöður í Tröllaborg í nóvember 2017

Christine Hellwig og Ásrún Leósdóttir fylltu út SET listann þann 29. Nóvember 2017 fyrir leikskólann Tröllaborg.

Niðurstöður listans eiga að hjálpa viðkomandi skóla að þróa, endurskoða og/eða bæta SMT – skólafærni hjá sér.

Á Hólum er ein deild starfandi með börnum 1-6 ára. Frá tveggja ára aldri geta börn í Brúsabæ fengið bros sem viðurkenning æskilegra hegðunar. Kennslan fer fram í hóp, þar sem öll börn mega prófa að sýna rétta hegðun við mismunandi aðstæður.

Á Hofsósi er ein deild með ellefu börnum á aldrinum tveggja til sex ára.

Niðurstöður SET listans í Tröllaborg sýnir að leikskólinn hefur ekki unnið með SMT á fullnægjandi hátt í haust. Heildarmeðaltal skólans er 75%, en skólar þurfa að fá 80% eða meira í heildarmeðaltal og 80% eða meira í flokki B - reglur kenndar til að vinna eftir SMT á fullnægjandi hátt.

A. Reglur skilgreindar – 7/8 = 88%

Það sem vel er gert:

Jákvæðar skólareglur eru til staðar og eru sýnilegar og í hæð nemenda í Tröllaborg. Reyndar vantar upp á að hengja þær upp í föndurherbergi og í „kósý“- herbergi á Hólum. Reglur eru settar fram bæði myndrænt og með texta. Reglutafla skólans sýnir fram á það að reglur eru skilgreindar fyrir ólíkar athafnir á deildinni.

Það sem þarf að bæta:

Reglutaflan hefur of margar undirreglur. Það þarf að einfalda hana.

B. Reglur kenndar - 4/6 = 67%

Það sem vel er gert:

Til staðar er kennsluáætlun þar sem kemur fram hvenær kenna á reglur (bæði inni á deild og á heimasíðunni).

Kennarar áttu auðvelt með að tilgreina þær reglur sem eru til staðar á deildinni. Af nemendunum sem talað var við á gátu tveir nefnt tvær eða fleiri reglur og tveir nefnt eina reglu.

Reglur sem börnin nefndu:



- Ekki bíta
- Taka þátt
- Nota innirödd
- Ganga inni
- Hafa hendur og fætur hjá sér

Reglur sem starfsmenn nefndu:

- Hafa hendur og fætur hjá sér
- Nota innirödd
- Fara eftir fyrirmælum

Það sem þarf að bæta

Á Hólum var kennsluáætlun ekki framfylgt í haust og hafa börnin bara einu sinni fengið kennslu í SMT. Á Hofsósi fór kennslan seint af stað þar sem til stóð að uppfæra reglur og einfalda í samræmi á hvorum stað en það hefur enn ekki verið gert. Kennslan á að fara fram í samverustundum sem hópkenndla með sýnskennslu. Börnin æfa reglurnar með því að sýna rétta hegðun.

C. Viðbrögð við æskilegri hegðun og óæskilegri hegðun 10/14 = 71%

Það sem vel er gert:

Til staðar er kerfisbundin leið til að umbuna fyrir æskilega hegðun. Nemendur safna brosum á vegg. Þegar umsömdum fjölda er náð er fyrirfram ákveðin umbun veitt. Allir starfsmenn sem rætt var við nota SMT aðferðir til að veita umbun hvort sem er í formi brosa eða félagslega hvatningu sem getur verið t.d. klapp á öxl, þumalfingur upp, fimma. Til staðar er ákveðið ferli sem kennarar fylgja varðandi viðbrögð við óæskilegri hegðun: Skýr fyrirmæli > skýr fyrirmæli og val > taka úr aðstæðum.

Það sem þarf að bæta:

Á meðan athugunin fór fram ríkti mikil ró á deildunum. Börnin voru niðursokkin í leik á mismundi svæðum. Börnin fengu áminningu á reglunum og hegðun þeirra var leiðrétt. Á Hólum var ekki gefið hrós eða bros fyrir hegðun á þessum tíma. Starfsfólkið var að tala sín á milli um ýmislegt sem



var ótengt leikskólafarfinu en ekki við börnin. Á Hofsósi fengu börnin hrós á meðan athuginin fór fram.

D. Skipulagt og fyrirsjáanlegt umhverfi 7/10 = 70%

Það sem vel er gert:

Í Tröllaborg er myndrænt dagskipulag notað. Samverustund er kölluð söngstund og vissu börn og stafsmenn að eftir söngstund byrjar hádegismatur.

Það sem þarf að bæta:

Í þessum lið er spurt um hvernig kennarar tilkynna að breytingar séu í vændum. Þegar verið er að fara til dæmis úr leik í samveru. Ekki er til neitt kerfi í Tröllaborg sem gefur til kynna að breytingar á viðfangsefnum eiga sér stað (bjöllu, söng eða lag). Einnig er oft gleymt að gefa aðvörun, áður en breytingar eiga sér stað eins og „við förum í söngstund eftir smá stund“.

E. Eftirlit og ákvarðanataka 5/8 = 63%

Það sem vel er gert:

Til eru eyðublöð sem notuð eru til að skrá óæskilega hegðun í skráningavikum. Óæskileg hegðun er ekki skráð daglega nema þær vikur sem skráningar standa yfir. Skráningarblöðin einungis notuð þegar þörf er á.

Til er skráningarkerfi í Excel sem notað er til að fá yfirsýn yfir skráningar.

Það sem þarf að bæta:

Við þurfum að viðurkenna að við höfum ekki notað þetta verkfæri í haust. Barnahópurinn er mjög erfiður í vetur og mikið af ágreiningum innan barnahópsins. Að „hafa hendur og fætur hjá sér“ er ein regla sem börnin hafa átt mjög erfitt með. Ágreining leysa þau helst með höndum og fótum. Spurning hvort skráningin myndi hjálpa okkur til að draga úr þessu vandamáli.

Niðurstöður úr skráningum eru engar í vetur (ekkert hefur verið skráð) og þess vegna var ekki mögulegt að kynna niðurstöður fyrir starfsfólkinu.



F: Þátttaka fjölskyldu - 8/10 = 80%

Það sem vel er gert:

Foreldrar fá kynningu á SMT þegar þeir byrja með barn í skólanum. Foreldrar fá afhendan bækling um leikskólastarfið og á foreldrafundi er kynnt fyrir þeim kennsluaðferð á reglunum SMT. Þau fá tölvupóst með upplýsingum varðandi hugmyndafræði SMT á hverju hausti. Einnig má finna upplýsingar um SMT á heimsíðu leikskólans. Þar má meðal annars finna kennsluáætlanir fyrir veturinn og reglutöflu.

Það sem þarf að bæta:

Foreldrar hafa ekki tekið þátt að neinu leyti um mótun reglna. Við í Tröllaborg teljum að það sé ekki mikilvægt.

G. Stjórnun – 10/12 = 83%

Það sem vel er gert:

Í leikskólanum er SMT-teymi og hafa allir kennarar sem rætt var við vitneskju um það. Í teyminu er skólastjórinn og deildarstjórar. SMT teymið getur fundað mánaðarlega ef þörf er á.

Í leikskólanum er til aðgerðaráætlun með upplýsingum um hvenær reglur eru kenndar.

Það sem þarf að bæta:

Upplýsingaflæði til starfsmanna þarf að bæta um framvindu SMT. Einnig mætti bæta við aðgerðaáætlun um fræðslu/þjálfun fyrir starfsmenn og áætlun um hvernig og hvenær upplýsingar eiga að miðlast til foreldrar varðandi framvindu um þróun SMT í Tröllaborg.

Ekkert hefur verið fundað í vetur. Fundartímar varðandi SMT féllu niður vegna starfsmannaeklu, fundarhalda í öðrum nefndum og tímaskorts

H: Stuðningur við verkefnið - 6/8 = 75 %

Það sem vel er gert:

EKKI er sérstök penningaupphæð eyrnamerkt SMT en séð er til þess að skólinn eigi nægjanlegt magn af brosum og öllu því sem á þarf að halda til að viðhalda SMT. Starfsfólk Tröllaborgar er hvatt til að sækja fræðslu eða þjálfun varðandi SMT. Það er alltaf reynt að skipuleggja starfsmannahaldið þannig að einn starfsmaður geti farið á þau námskeið sem í boði eru.



Það sem þarf að bæta:

Það hefur ekki verið nægur tími í haust til fundarhalda og undirbúnings.

Niðurstaða

Heildarmeðaltal er 75%. Leikskólinn Tröllaborg þarf að bæta sig í að nota þau verkfæri sem SMT býður upp á (sérstaklega skráningarnar og kennsla á reglum).

Starfið inn á deild hefur verið mjög krefjandi á Hólum þetta haust, og var það aðallega vegna aðlögunarerfiðleika eins árs barna í leikskólanum. Einnig eru töluverðir samskiptaerfiðleikar meðal eldri barna leikskólans sem eiga erfitt með að leysa friðsamlega úr ágreiningum sem koma upp inn á deild. Við þurfum sem fyrst að finna tíma í teyminu til að endurskoða reglutöflunni. Síðan þarf að setja upp nýja kennsluáætlun fyrir vorönnina og kenna börnunum reglurnar á hverjum stað.

Stundum er gott að minna sig á það sem þarf að bæta í starfi okkar. Ekki vantar þekkingu um leiðir svo nú er bara að spýta í lófana og gera betur.

Hólum í Hjaltadal 1.12.2017.

Christine Hellwig

Ásrún Leósdóttir

9. Niðurstöður úr starfsmannakönnun – skólapúsinn

Starfsmannakönnunar Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar og var öllu starfsfólki (að frátöldum leikskólastjóra) gefinn kostur á að taka þátt. Svarhlutfall í könnuninni var 87,5%. Starfsmannakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *almennt um starfsfólk, viðhorf til leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningstími og opnar spurningar*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

9.1. Almennt um starfsfólk

1. Almennt um starfsfólk	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Starfsaldur í leikskólum 4 ár eða hærri	85,7%	6/7	58,7%	27,0 %
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	0,5 dagar	7	1,8	-1,3 dagar*
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	0,4 skipti	7	1,3	-0,9 skipti*
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	2,0 skipti	7	0,6	1,4 skipti
Tíðni áreitni meðal starfsfólks	28,6%	2/7	9,4%	19,2%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	14,3%	1/7	7,3%	7,0%

Í flokknum *almennt um starfsfólk* kemur fram að starfsaldur í leikskólanum er 27% yfir landsmeðaltali en af þeim sem svöruðu eru 85,7 með lengri



starfsaldur en 4. ár. Marktækur munur er á fjarveru starfsmanna en þeir eru minna fjarverandi en starfsfólk á viðmiðunar leikskólum.

Starfsmenn mættu einu sinni of seint til vinnu í mánuði sem er töluvert yfir landsmeðaltali. Það gæti skýrst af því hve starfsmenn eru fáir og hvert skipti vegur því meira.

Tíðni áreitni meðal starfsfólks er 19,2% yfir landsmeðaltali en það er ekki vegna áreitni samstarfsmanna heldur upplifa starfsmenn áreitni af hálfu foreldra.

9.2. Viðhorf til leikskólans

2. Viðhorf til leikskólans	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Starfsánægja í leikskólanum	3,2	7	5,3	-2,1*
Starfsandi í leikskólanum	5,0	7	5,2	-0,2
Stjórnun leikskólans	4,1	7	5,0	-0,9
Starfsaðstaða í leikskólanum	5,2	7	5,0	0,2

Í flokknum *viðhorf til leikskólans* kemur fram marktækur munur er á starfsánægju í leikskólanum en starfsánægja er 2,1 stigi minni í Tröllaborg en viðmiðunarleikskólum. Þarna spilar verulega inn í fámennið því allir eru frekar sammála því að þeir séu ánægðir í starfi.

Stjórnun leikskólans er aðeins undir landsmeðaltali og er það sýnileiki stjórnenda og skortur á hrósi að mati sumra sem dregur það niður.



9.3. Uppeldi og menntun

3. Uppeldi og menntun	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Sjálfsmynd við uppeldi og menntun	3,0	7	4,8	-1,8*
Trú á eigin getu við uppeldi og menntun	3,0	6	5,0	-2,0*
Trú á eigin getu við daglegt skipulag	2,9	7	5,0	-2,1*
Trú á eigin getu við að tryggja jöfnuð	3,9	4	5,2	-1,3
Samstarf í leikskólanum	4,3	6	5,0	-0,7
Virkar samræður um starfið	3,7	7	5,0	-1,3*
Virgni foreldra í leikskólastarfinu	4,4	7	5,0	-0,6
Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	85,7%	6/7	75,0%	10,7%
Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	100,0%	6	82,6%	17,4%



Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	85,7%	6/7	72,3%	13,4%
--	-------	-----	-------	-------

Í floknum uppeldi og menntun var marktækur munur á þættinum sjálfsmynd við uppeldi og menntun en starfsmenn Tröllaborgar hafa lakari sjálfsmynd en viðmiðunarhópurinn. Þegar undirpróf eru skoðuð sést þó að svörin eru oftast frekar sammála en sjaldan mjög sammála.

Þættir sem sneru að trú á eigin getu um starfið voru allir undir landsmeðaltali en starfsmenn virðast hafa minni trú á sér en viðmiðunarhópurinn. Svörin voru þó nánast aldrei neikvæð en einnig var sjaldan merkt við mjög auðvelt eða mjög sammála.

Aðgegni að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans er 10,7 prósentum yfir landsmeðaltali. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir er 100% í leikskólanum. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir er 13,4% yfir landsmeðaltali.

Þátturinn virkar samræður um starfið var 1,3 undir landsmeðaltali sem telst marktækur munur. Þarna skekkir fámennið niðurstöðuna þar sem allir starfsmenn tóku þátt í könnuninni líka þeir sem ekki taka beinan þátt í starfi með nemendum og foreldrum.

Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans og upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir er langt yfir landsmeðaltali, aðgengi 10,7% og hitt 13,4%

Það er 100% ánægja meðal starfsmanna leikskólans með stuðning við börn með sérþarfir sem er 17,4% yfir landsmeðaltali.



9.4. Símenntun og undirbúningstími

4. Símenntun og undirbúningstími	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	100,0%	4	93,4%	6,6%
Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	-	-	-	-
Notkun undirbúningstíma	-	4	-	-
Tækifæri til símenntunar	4,7	7	5,0	-0,3
Virgni í símenntun	0%	0/7	6,7%	-6,7%
Símenntunarpörf starfsfólks	5,8	7	5,0	0,8
Símenntunarpörf starfsfólks (annað)	-	1	-	-
Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	71,4%	5/7	57,9%	13,5%
Hindranir í símenntun starfsfólks	80,0%	4/5	50,9%	29,1%
Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	2	-	-



Í flokknum *símenntun og undirbúningstími* kemur fram að 100% þeirra sem svara fá undirbúningstíma en einungis fjórir starfsmenn svara.

Virkni í símenntun er 0% en 71,4% starfsfólks hefði viljað meiri símenntun á árinu sem er 13,5% yfir landsmeðaltali. 80% upplifði hindranir í símenntun en það er 29,1% yfir landsmeðaltali. Helstu hindranirnar virðast vera verð, námsframboð, svigrúm vegna vinnutíma og fjölskylduaðstæður.

9.5. Opnar spurningar

Í flokknum *opnar spurningar* kom ítrekað fram að upplýsingaflæði milli starfsmanna mætti vera betra. Einnig kom fram að starfsfólk þyrfti að fylgjast betur með námskeiðum sem í boði eru. Starfsfólki fannst góður starfsandi, ánægja var með samstarfsfólk og góð samvinna.

10. Mat á starfsáætlun 2017-2018

Það má segja í stuttu máli að flest allt innra starf starfáætlunarinnar hafi gengið upp þó var eitt atriði sem ekki gekk nógu vel og munum við bæta það næsta vetur. Matið er sett upp þannig að hver kafli er gerður upp eftir því sem við á.

Viðhald – kafli 2.3

Ekkert viðhald var hvorki á lóð eða húsnæðinu á Hofsósi þar sem við erum ný flutt í þetta húsnæði og verðum þar aðeins til bráðabigða.

Viðhald innanstokksmuna	Já	Nei
Setja hljóðdempandi dúka á borðin		Á eftir að setja á borðin á Hofsósi

Viðhald húsnæðis

Hólar

Innihurðir	Já	Nei
Það þarf að pússa upp flestar innihurðir		X
Gluggar á skólahúsnæðinu - Gluggarnir á gamla hlutanum eru orðnir fúnir og þarfnast endurnýjunar, á nýrri hlutanum þyrfti að mála alla glugga bæði úti sem inni. Einnig þarf að mála allar útidyrhurðar.		X

*Viðhald lóðar***Hólar**

Viðhald lóðar	Já	Nei
Lóðin er ekki í góðu ástandi og þyrfti að taka í gegn og skipuleggja upp á nýtt.		X
Setja þarf flokkunnargáma	X	
Ganga þarf frá aðkomu að leikskólanum	X	
Setja betri lýsingu við inngönguna í leikskólann		X

Starfsrammi Tröllaborgar – kafli 4

Það er alltaf sami hreyfanleikinn á Hólum, barnafjöldinn rokkaði frá 14 og upp í 17. börn og í lok skólaárs voru 16 börn. Þessi hreyfanleiki er algengur á Hólum og á starfsfólk þakkir skyldar fyrir jákvæðni, lipurð og alltaf tilbúið til að sveigja skipulagið fram og til baka þegar verið er að aðlaga ný börn og kveðja önnur oft á vetri.

Símenntunaráætlun – kafli 5.3

Símenntunaráætlunin gekk eftir og bættist við eitt námskeið fyrir einn starfsmann.

Símenntunaráætlun	Skýringar	Já	Nei
Fræðsludagur skóla í Skagafirði	Selma Barðdal – fræðsluþjónusta Skagafjarðar Helga Harðardóttir – ytra mat Sigurlaug Brynleifsdóttir og Anna Steinunn Friðriksdóttir – lestrarstefna Skagafjarðar Elísa Guðnadóttir sálfræðingur - Hvernig lifi ég veturinn af – álag, streita, streitustjórnun og svefnþörf barna	X	



Íslenski máhljóðamælirinn	Íslenski máhljóðamælirinn er íslenskt skimunarpróf í spjaldtölvu	X	
Haustþing leikskóla á NV	sjálfsmat og Lubbi finnur málbein	X	
Líkamsbeiting og vinnutækni	Námskeið á vegum farskólans	X	
Námskeið hjá Barnaheillum	Vinátta – forvarnir gegn einelti	X	
Heilsuefling og næring	Námskeið á vegum farskólans	X	
Andleg vellíðan í starfi	Námskeið á vegum farskólans	X	

Skólastarfið – kafli 7

Flest allt gekk upp í innra starfi leikskólans. Við erum heilsueflandi leikskóli og ákváðum að vinna með vináttuna. Keypt var inn námsefni sem við unnum eftir en það sem ekki gekk nógu alveg vel. Við náðum ekki að festa það í sessi en ætlum að setja það næsta vetur betur inn í dagskipulagið og vonum að þannig verði það samofið öllu starfi leikskólans líkt og SMT er núna.

Endurskoðun skólanámskrár – kafli 7.1.1

Okkur tókst að ljúka við að endurskoða skólanámskrána og er hún aðgengileg á heimasíðu leikskólans.